

Ár 2012, föstudaginn 24. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Huldu Árnadóttur og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun yfirsattanefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi**

**I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007, er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum segir ekki nánar hverjir hinir síðastnefndu ríkisstarfsmenn eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem áður féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992, skuli áfram hlíta kjaraákvörðunum kjararáðs þangað til ráðið hefur ákveðið til hverra ákvarðanir þess nái.

Kjararáð úrskurðaði hinn 27. janúar 2012 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör yfirsattanefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi.

**II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 31. janúar 2011 frá formanni yfirsattanefndar þar sem óskað er eftir breytingu á launum yfirsattanefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi. Í fyrsta lagi er óskað eftir hækkun launa allra yfirsattanefndarmanna, í öðru lagi eftir sérstakri hækkun launa yfirsattanefndarmanna annarra en formanns nefndarinnar og í þriðja lagi eftir sérstakri hækkun launa varaformanns yfirsattanefndar.

Í bréfinu segir að á undanförunum árum hafi yfirsattanefnd verið falin ýmis ný verkefni sem megi meðal annars rekja til þess að ríkisskattstjóra hafi verið falin álagning eða önnur umsýsla nýrra skatta sem og skatta sem áður hafi verið verkefni annarra stjórnvalda. Ný verkefni megi einnig rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 136/2009 um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og fleiri lögum, en þá var landið gert að einu skattumdæmi undir yfirstjórn ríkisskattstjóra. Of mikill munur sé gerður á launum formanns yfirsattanefndar og annarra nefndarmanna. Nefndarmenn hafi allir sömu hlutverkum að gegna við samningu úrskurða og annan undirbúning mála. Hliðstæðar kröfur séu gerðar til allra nefndarmanna um hæfni og þekkingu á viðfangsefninu. Í 9. gr. laga nr. 30/1992 um yfirsattanefnd sé tekið fram að varaformaður skuli, ásamt formanni yfirsattanefndar, uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Varaformaður sé staðgengill formanns og gegni störfum hans þegar formaður sé forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipi forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

Með bréfum dagsettum 15. febrúar 2011 var yfirsattanefndarmönnum sem hafa það starf að aðalstarfi, öðrum en formanni, gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í bréfum þeirra, dagsettum á tímabilinu 4. - 7. mars 2011, var tekið undir þau sjónarmið sem rakin eru í bréfi formanns yfirsattanefndar.

Með bréfi dagsettu 15. febrúar 2011 var fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Í bréfi ráðuneytisins dagsettu 15. mars 2011 sagði að frá því kjaranefnd hefði síðast úrskurðað um launakjör yfirsattanefndarmanna hinn 21. júlí 1999 hefðu orðið verulegar breytingar á skipulagi stofnana skattkerfisins, sbr. lög nr. 136/2009. Með lögnum hefðu embætti níu skattstjóra og ríkisskattstjóra verið sameinuð í eitt embætti, embætti ríkisskattstjóra. Í kjölfarið hefðu launakjör ríkisskattstjóra breyst. Einnig hefðu orðið breytingar á launakjörum dómara. Við ákvörðun launakjara formanns yfirsattanefndar og yfirsattanefndarmanna í júlí 1999 hefði meðal annars verið tekið mið af launakjörum ofangreindra embætta og dómara. Tekið var undir sjónarmið formanns nefndarinnar um að minnka launabilið milli formanns og varaformanns yfirsattanefndar.

### III.

Yfirkattanevnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992 um yfirkattanevnd með síðari breytingum. Í 1. gr. laganna segir að ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talið rekstrartap, skuli úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirkattanevnd. Samkvæmt 15. gr. laganna eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir um skattfjárhæð en ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

Fjallað er um skipun yfirkattanevndar í 9. gr. laganna. Þar segir að í nefndinni sitji sex menn sem skipaðir séu til sex ára í senn. Fjórir þeirra skulu hafa starfið að aðalstarfi og úr þeirra hópi skipar fjármálaráðherra formann og varaformann nefndarinnar. Nefndarmenn skulu uppfylla skilyrði 85. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 um embættisgengi ríkisskattstjóra. Í því ákvæði er meðal annars gert að skilyrði að ríkisskattstjóri hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Auk þessa skulu formaður og varaformaður yfirkattanevndar uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Í ákvæðinu segir einnig að formaður nefndarinnar hafi yfirstjórn hennar með höndum, beri á henni ábyrgð og fari með fyrirsvar hennar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirkattanevnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Ætíð skal annað hvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn máls.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun yfirkattanevndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi, en kjaranevnd ákvað þeim laun 21. júlí 1999. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranevndar og síðar kjararáðs.

Kjararáð telur að tilefni sé til breytinga á launum yfirkattanevndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi. Um starf varaformanns yfirkattanevndar er fjallað sérstaklega í 9. gr. laga um yfirkattanevnd. Hann skal, ásamt formanni nefndarinnar, fullnægja skilyrðum sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Hann er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Ætíð skal annað hvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn máls. Fram hefur komið að lagabreytingar og breytingar á skipulagi skattkerfisins hafa leitt til aukinna verkefna yfirkattanevndar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun yfirkattanevndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

### V.

#### Ákvörðunarorð

Frá 1. febrúar til 30. september 2011 skulu mánaðarlaun formanns yfirkattanevndar vera samkvæmt þágildandi launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, krónur 682.030 frá 1. febrúar til 31. maí 2011 og krónur 715.452 frá 1. júní 2011. Að auki skal greiða honum 19 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. febrúar til 30. september 2011 skulu mánaðarlaun varaformanns yfirkattanevndar vera samkvæmt þágildandi launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 133, krónur 638.032 frá 1. febrúar til

31. maí 2011 og krónur 669.297 frá 1. júní 2011. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. febrúar til 30. september 2011 skulu mánaðarlaun yfirskattanefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi, annarra en formanns og varaformanns, vera samkvæmt þágildandi launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 132, krónur 617.143 frá 1. febrúar til 31. maí 2011 og krónur 647.384 frá 1. júní 2011. Að auki skal greiða þeim 17 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. febrúar til 30. september 2011 er eining 1% af launaflokki 502-126, krónur 5.058 frá 1. febrúar til 31. maí 2011 og krónur 5.306 frá 1. júní til 30. september 2011.

Frá 1. október 2011 skulu mánaðarlaun formanns yfirskattanefndar vera samkvæmt samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 715.452 krónur. Að auki skal greiða honum 31 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. október 2011 skulu mánaðarlaun varaformanns yfirskattanefndar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 669.297 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. október 2011 skulu mánaðarlaun yfirskattanefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi, annarra en formanns og varaformanns, vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 132, nú 647.384 krónur. Að auki skal greiða þeim 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. október 2011 er eining 1% af launaflokki 502-132, nú 6.473 krónur.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör yfirskattanefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Hulda Árnadóttir

---

Jónas Þór Guðmundsson